



Reykjavík, 11. mars 2015

R12080081

220

SBB/KV

Borgarráð

Aukafjárúthlutun vegna nýstofnaðra ráða

Lagt er til að borgarráð samþykki ósk mannréttindastjóra um aukafjárúthlutun að upphæð 1,5 mkr vegna nýstofnaðra ráða.

Sjá hjálagt bréf mannréttindastjóra og jafnréttismat tillögu.

S. Björn Blöndal

e.u.

Hjálagt:

Bréf mannréttindastjóra, dags. 9.3.2015

Jafnréttismat tillögu



Borgarráð

Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Ósk um aukafjárúthlutun vegna nýstofnaðra ráða.

Á fundi borgarstjórnar þann 16. desember s.l. voru lagðar fram samþykktir fyrir Öldungaráð Reykjavíkur og Fjölmeningarráð Reykjavíkur. Á fundi borgarstjórnar þann 20. janúar voru síðan kjörnir tveir fulltrúar í hvort ráð. Aðrir fulltrúar hafa síðan verið tilnefndir af hagsmunasamtökum og kosnir beini kosningu á fjölmeningarþingi.

Í samþykktum fyrir ráðin er gert ráð fyrir að öldungaráð og fjölmeningarráð skuli að jafnaði halda fund ársfjórðungslega auk opins fundar árlega með Borgarstjórn Reykjavíkur og hagsmunaaðilum.

Miðað er við að launagreiðslur vegna ráðsmanna séu í flokki 642-401-1*. Einnig má gera ráð fyrir einhverjum kostnaði sem hlýst af fundum ráðsins. Sérstaklega árlegum fundi með borgarstjórn og hagsmunaaðilum.

Því óskar mannréttindaskrifstofa eftir aukafjárheimild að upphæð kr. 1.500.000 til að standa straum að þeim beina kostnaði sem hlýst af umsýslu vegna þessara tveggja ráða.

Ennfremur er bent á að mannréttindaskrifstofa hefur nú umsýslu með fjórum ráðum og mikilvægt er að tryggð verði lögræðiráðgjöf til skrifstofunnar hið fyrsta þannig að stjórnsýsluleg meðferð erinda verði með sem bestum hætti.

*

Kostnaður vegna nýrra nefnda sem vistaðar hafa verið hjá Mannréttindaskrifstofu

	laun. pr fund	Launatengd gjöld	pr. fund	5 fundir á ári	5 fulltrúar/tvöfalit vegna formanns
Öldungarráð skipað fimm fulltrúum	12.703.00	3.175	15.878	79.390	476.340
Fjölmeningarráð skipað fimm fulltrúum	12.703.00	3.175	15.878	79.390	476.340
					952.680

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri Reykjavíkur

Hjálagt:
Jafnréttismat tillögu